

Foldaskóli 2025-2026 - 8. bekkur

Námsáætlun – upplýsingamennt

Birt með fyrirvara um breytingar

Kennarar:

Guðný Þorsteinsdóttir guðny.thorsteinsdottir@reykjavik.is

Námsefni:

Allt námsefni er rafrænt og verður, ásamt verkefnalýsingum, aðgengilegt inn á Google Classroom.

Á vefsíðu fagsins er hægt að finna gagnlegar upplýsingar: <https://sites.google.com/gskolar.is/ut-fol>

Námsmat:

Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011/2013). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Sum hæfniviðmið tengjast mörgum viðfangsefnum og geta því breyst yfir veturinn.

Námsmat í upplýsingamennt byggir á margvíslegum verkefnum sem eru unnin jafnt og þétt yfir skólaárið.

Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda.

Vinnulag.

Ætlast er til að nemendur mæti ætíð með tölvur og þær séu hlaðnar.

Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið, nýti tímann vel og geri ætíð sitt besta.

Gert er ráð fyrir að nemendur vinni öll verkefni í kennslustund en þeir sem ekki ná að vinna samkvæmt áætlun gætu þurft að klára verkefni heima.

Í tímum eiga nemendur ekki að fara í tölvuleiki, inn á samfélagsmiðla eða aðrar vefsíður/forrit sem tengjast ekki náminu.

Hæfniviðmið – Að nemandi geti:	Lotur - viðfangsefni	Námsmat
unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu	Öll viðfangsefni	Símat á virkni og vinnubrögðum.
unnið á skapandi og gagnrýnin hátt	Öll viðfangsefni	Símat á vinnu við margvísleg verkefni
nýtt upplýsingatækni af ábyrgð, sýnt ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð	Öll viðfangsefni	Símat á vinnubrögðum
Geta flokkað, vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt. Geta nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni.	Vinnusvæði Google drif Google Classroom	Stutt verkefni þar sem nemendur kynnst vinnusvæði nemenda inn á Google drifinu.
þekki og geti nýtt vefsíður og annan rafrænan stuðning s.s. orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit	Ýmsar vefsíður og forrit	Stuttar æfingar og verkefni
Geta valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun. (Google Sites)	Google Sites	Verkefni þar sem nemendur búa til einfalda vefsíðu í Google Sites
Geta valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga. (Google Slides)	Google Slides	Verkefni þar sem nemendur búa til kynningu í Google Slides - Samvinna með samfélagsfr.
þekki algengar táknmyndir í forritum og vefsíðum og geti heimfært þekkingu milli forrita	Valmyndir	Stuttar æfingar og gagnapróf

Geta valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang (Google Docs)	Google Docs	Verkefni þar sem nemendur setja ritsmíði upp í Google docs samkvæmt viðmiðum
Geta valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum (Google Sheets)	Google Sheets	Nokkur stutt verkefni þar sem nemendur nota helstu aðgerðir í töflureikninum Google Sheets
Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun. (Canva og Pixlr)	Canva Myndvinnsluforrit	Nokkur verkefni þar sem nemendur kynnast algengum möguleikum í myndvinnsluforritum
Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.	Hljóðvinnsluforrit	Verkefni þar sem nemendur taka upp viðtal, hlaðvarp eða annað hljóðefni, klippa til og vista sem hljóðskrá
Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð.(Canva og Google Vids)	Canva Myndbandsvinnsluforrit	Verkefni þar sem nemendur búa til myndband með því að klippa saman myndefni og kynnast algengum aðgerðum við myndbandagerð
útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu	Tölvutækni	Gagnapróf upp úr námsefni
Geta nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnarleit.	Code.org	Forritunaræfingar inn á code.org
Geta greint, borið saman og metið á gagnrýninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis. Geta unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarrétt og almennt siðferði í	Höfundaréttur og heimildavinna	Stuttar æfingar og gagnapróf úr námsefni

heimildarvinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðgerðum.		
Geta nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt. Geta gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónuupplýsinga. Geta gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun. Geta þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnunum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt. Geta gert sér grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum.	Stafræn borgaravitund	Verkefni af https://vitundin.is/
Geta nýtt leitarvélar, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar.	Ýmis forrit sem nýta AI	Gagnapróf upp úr námsefni Stutt verkefni

